

## Lagning strengja milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 Inngangur

Þann 22. janúar 2026 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Orkubúi Vestfjarða um lagningu strengja milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar, Ísafjarðarbæ og Súðavíkurbrepps, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.16 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurbrepps, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Fiskistofu, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar og Vegagerðarinnar.

#### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Lagning strengja milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar, Matsskyldufyrirspurn. EFLA- Orkubúi Vestfjarða. 22. janúar 2026.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Ísafjarðarbæ dags. 19. febrúar 2026
- Hafrannsóknastofnun dags. 16. febrúar 2026
- Fiskistofu dags. 28. janúar 2026
- Minjastofnun Íslands dags. 9. febrúar 2026
- Náttúrufræðistofnun dags. 20. febrúar 2026
- Náttúruverndarstofnun dags. 19. febrúar 2026
- Umhverfis- og orkustofnun dags. 26. febrúar 2026
- Vegagerðinni dags. 20. febrúar 2026

Ekki bárust umsagnir frá Súðavíkurbreppi og Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða vegna málsins.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 24. febrúar 2026.

#### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í lagningu 33 kV og 11 kV jarðstrengja milli Skutulsfjarðar og Súðavíkur í Álftafirði. Strengleiðin er rúmlega 18 km löng og mun fylgja að mestu vegi og öðrum strengjum.

Lagður verður 33 kV jarðstrengur frá tengivirkinu á Skeiði, innan við Ísafjarðarkaupstað, að fyrirhuguðu tengivirki á Langeyri í Súðavík. Meðfram strengnum verður lagður 11 kV þríleiðarastrengur og ljósleiðarastrengur. Strengleiðin mun fylgja Djúpvegi (þjóðvegur 61) að mestu og/eða öðrum strengjum (ljósleiðara) á svæðinu. Á Arnarnesi munu strengirnir víkja frá veginum vegna plássleysis meðfram vegi auk þess sem vegurinn liggur í gegnum Arnarneshamarinn en bergið er hart og mjög erfitt vinnslu. Á Arnarnesi munu strengirnir því liggja nokkur hundruð metrum ofan við veginn og fylgja ljósleiðara Mílu yfir nesið. Við Súðavík verða strengirnir lagðir fyrir ofan bæinn og er það eini staðurinn sem strengirnir munu ekki fylgja vegi eða öðrum strengjum. Strengirnir munu þvera þrjár minni ár, Úlfsá og Arnardalsá í Skutulsfirði og Eyrardalsá í Álftafirði. Arnardalsá er



þeirra vatnsmest. Samkvæmt landeiganda veiðist einstaka sinnum bleikja í Arnardalsá, en ekki er veitt í Úlfsá eða Eyrardalsá og ekki vitað til þess að þar finnist fiskur. Úlfsá rennur í jaðri efnistökusvæðis um 1,5 km ofan við mynni árinna og er árvatnið brúnleitt og gruggugt neðan þess. Einnig munu strengirnir þvera innsta hluta Skutulsfjarðar á fyllingu og brú.

33 kV jarðstrengurinn er samsettur úr þremur samanbensluðum einleiðurum í þríhyrningsuppröðun. 11 kV strengurinn er þríleiðari með alla fasa saman í einum streng.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að koma tengingu fyrir fyrirhugaða þörungaverksmiðju á Súðavík, og á sama tíma að bæta raforkutengingu í bænum.

#### *Lagning strengs*

Almennt er grafinn um 1 m djúpur skurður og 1,5-2 m breiður á toppinn og strengirnir lagðir í strengjasand með góðri varmaleiðni. Þörf er á um 11.800 m<sup>3</sup> af strengjasandi vegna þessa. Gert er ráð fyrir að vinnutæki verði staðsett öðru hvoru megin skurðar og uppgrafið efni lagt uppá bakkann hinu megin. Svæðið sem verður fyrir raski er um 9-10 m breitt og heildarumfang raskaðs svæðis vegna framkvæmdanna er þar með um 16-18 ha. Meirihluti þess svæðis er þó meðfram vegi eða öðrum strengjum og því á þegar röskuðu svæði. Vinnuslóðar verða lagðir meðfram skurði. Gert er ráð fyrir að þörf sé á um 12.400 m<sup>3</sup> af efni til slóðagerðar en leitast verður við að nýta uppgrafið efni.

Helgunarsvæði strengjanna verður um 1-2 m í samræmi við ákvæði í aðalskipulagi sveitarfélaganna.

#### *Þverun áa og fjarðar*

Við þverun áa verður grafinn skurður þvert á árfarvegina um 1,5 m djúpur neðan árbotns og 0,6 m breiður neðst og ídráttarrörum komið fyrir í skurðbotninum. Í flestum strauminni ám, líkt og í þessu tilfelli, er hægt að grafa beint í botni árinna og leggja rörin í skurðinn. Í þessum ám er mestmegnis stórgrýti í botni, en ef klöpp er í botni þarf að fleyga skurðinn. Steypufylltir pokar eru lagðir yfir rörin til feringar með um 1-2 m millibili. Rörin og steypupokarnir eru síðan þaktir fínni ármöl eða mulningi. Þar fyrir ofan er rofvörn (grjót, 20-200 mm í þvermál) og efst yfirfylling með ármöl.

Innst í Skutulsfirði þverar Djúpvegur fjörðinn með fyllingu og brú. Strengirnir verða lagðir í vegöxlina og síðan í ídráttarrörum undir brúarvæng.

#### *Frágangur*

Eftir að strengirnir hafa verið lagðir verður gengið frá yfirborði lands að höfðu samráði við Vegagerðina og landeigendur. Vegrásir verða jafnaðar og lagaðar efir því sem þörf er á. Leitast verður við að endurnýta eins og hægt er núverandi yfirborð lands og jarðveg. Á grónum svæðum er svarðlagi almennt haldið til haga við uppgröft og það lagt aftur á skurðsvæðið við lok framkvæmda. Þar sem gróðurþekja er gísín er svarðlagi sem féll til við uppgröft dreift yfir skurðsvæðið og yfirborð aðlagað aðliggjandi gróðursvæðum. Á grýttum svæðum er grjóti raðað óreglulega á jafnað yfirborð þannig að yfirborð verði sem líkast því sem fyrir var. Tún verða endurgerð með sléttun, grjóthreinsun og sáningu.



**Mynd 1.** Fyrirhugað lega jarðstrengja milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar (mynd fengin úr matsskyldufyrirspurn Orkubús Vestfjarða).

## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Orkubús Vestfjarða og umsögnum umsagnaraðila.

### Gróður

Í greinargerð Orkubús Vestfjarða kemur fram að raski á gróðri verði haldið í lágmarki. Samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar eru vistgerðir á strengleiðinni á Arnarnesi helst tún og akurlendi, mosamelavist og lyngmóavist á láglandi, sem hafi hátt verndargildi og sé á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnist verndar. Við Súðavík þar sem strengurinn muni liggja ofan við bæinn, hafi land verið ræst fram að hluta og einhverjir slóðar liggja um svæðið. Þar séu helstu vistgerðirnar á strengleið lyngmóavist á láglandi, grasmóavist og fjalldrapamóavist auk þess sem strengleiðin liggja um skógræktarsvæði. Grasmóavist líkt og lyngmóavist á láglandi sé með hátt verndargildi. Verndargildi fjalldrapamóavistar sé miðlungs. Alls megi gera ráð fyrir því að heildarrasksvæði sé 18 ha miðað við 18 km strengleið, þar af séu 11,8 ha meðfram vegi sem flokkist sem svæði í þéttbýli og annað manngert land.



Nr.	Vistgerð	Vistlendi	Verndargildi	Á lista Bernar-samningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar	Flatarmál (m <sup>2</sup> )
L 10.8	Lyngmóavist á láglandi	Mólandi	Hátt	Já	29.039
L 10.4	Grasmóavist	Mólandi	Hátt	Já	6.202
L 10.6	Fjalldrapamóvist	Mólandi	Miðlungs	Já	5.029
L 14.2	Tún og akurlendi	Aðrar landgerðir	-	Nei	4.788
L 14.3	Skógrækt	Aðrar landgerðir	-	Nei	4.730
L 1.3	Mosamelavist	Melar og sandlendi	Lágt	Nei	4.014
L 9.2	Finnungsvist	Graslendi	Hátt	Já	2.632
L 5.3	Hraungambravist	Moslendi	Lágt	Nei	2.347
L 9.1	Stinnastaravist	Graslendi	Miðlungs	Já	1.411
L 8.9	Starungsmýravist	Votlendi	Mjög hátt	Já	1.036
L 14.4	Alaskalúpína	Aðrar landgerðir	-	Nei	328
L 9.3	Bugðupunktvist	Graslendi	Hátt	Nei	319
L 3.2	Grasvíðiskriðuvist	Skriður og klettur	Lágt	Já	143
L 3.1	Urðarskriðuvist	Skriður og klettur	Miðlungs	Já	137

**Mynd 2.** Vistgerðir sem verði fyrir raski vegna framkvæmdanna, verndargildi þeirra og flatarmál byggt á vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar. Kortlagningin sé byggð á fjarkönnun (mynd fengin út matsskyldufyrirspurn Orkuskipti Vestfjarða).

Fyrirhugaðir strengir komi ekki til með að hafa neikvæð áhrif á gróður og vistgerðir ofan Súðavíkur og raska vistgerðum með hátt verndargildi. Annars staðar muni strengirnir fylgja vegi og/eða öðrum strengjum og verði því að mestu leyti á þegar röskuðum svæðum. Frágangur að framkvæmdum loknum muni miða að því að núverandi gróður og vistgerðir á svæðinu græði sár. Að teknu tilliti til þessa meti framkvæmdaraðili sem svo að áhrif á gróður og vistgerðir séu óveruleg.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að umfjöllun um gróðurfar og vistgerðir byggji að mestu á tilvísun í vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands, án þess að það hafi farið fram vettvangsrannsókn eða frekari greining á ástandi og umfangi vistgerða, náttúruminja og fuglalífi á áhrifasvæðinu. Þetta feli í sér ákveðið misræmi í dýpt á gagnaöflun milli umhverfisþátta. Þó að fyrirbyggjandi gögn geti talist fullnægjandi til frumathugunar á matsskyldu væri æskilegt að sambærileg nálgun og beitt sé við mat á vatnshlotum væri einnig lögð til grundvallar við mat á vistgerðum og fuglalífi, sérstaklega þar sem framkvæmdin liggja um svæði sem séu á náttúruminjasrá.

Stofnunin bendi einnig á að ekki sé gerð sérstök úttekt á ástandi votlendis né metið hvort svæðið falli undir sérstaka vernd skv. náttúruverndarlögum. Ekki sé gerð grein fyrir því hvernig tryggja eigi að endurheimt staðargróðurs skili vistfræðilega sambærilegu ástandi og fyrir var.

Náttúruverndarstofnun telji að til uppgræðslu eigi að nota staðargróður eins og kostur sé t.a.m. með því að geyma svarðlag til að leggja aftur yfir. Stofnunin telji slík vinnubrögð við frágang svæða sérstaklega mikilvæg þegar um sé að ræða vistir með verndargildi. Mikilvægt sé að tryggja að vistgerðum sem njóti verndar verði ekki raskað að mati stofnunarinnar. Á öðrum svæðum þar sem finna megi vistgerðir með lágt verndargildi telji stofnunin að nota eigi lágvaxnar grastegundir sem svipi til staðargróðurs ef ekki takist að fræslægja. Náttúruverndarstofnun telji að vöktunaráætlun framkvæmdaraðili ætti að tryggja fullnægjandi frágang svæðisins að framkvæmdum loknum.

Viðhalda skuli náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.



Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að í ljósi þess að strengleiðin fylgi að stærstum hluta vegi og öðrum strengjum sé ekki talið að hún hafi umtalsverð áhrif á gróðurfar og vistgerðir. Leiðinni hafi áður verið raskað. Innst í Skutulsfirði fari strengleiðin um verndarsvæði en innan þess svæðis verði strengir lagðir í vegöxl. Á Arnarnesi sé það strandlengjan sem njóti verndar en strengleiðin sé annað hvort í vegöxl eða hún fylgi öðrum strengjum og ofan vegar og sé því ekki innan verndarsvæðisins.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að vistgerðarkortlagning byggji á fjarkönnun og sé ekki óbrigðul. Æskilegt sé að staðfesta á vettvangi umfang og ástand þeirra vistgerða sem hafi hátt eða mjög hátt verndargildi áður en til framkvæmda komi og gæta sérstaklega að votlendisvistgerðum, svo sem starungsmýravist og takmarka rask þar sem kostur sé.

Einnig kemur fram að tvær æðplöntutegundir sem flokkaðar séu í yfirvofandi hættu á valista plantna hafi verið skráðar nærri strengleið við Naust í Skutulsfirði. Samkvæmt gagnagrunni stofnunarinnar séu þetta gamlar skráningar og æskilegt væri að kanna hvor þær séu enn til staðar á svæðinu. Að teknu tilliti til umfangs framkvæmdarinnar og fyrirhugaðs frágangs telji Náttúrufræðistofnun að áhrif á gróður og vistgerðir séu líkleg til að verða staðbundin og að mestu afturkræf.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að þrátt fyrir að strengleiðin víki frá vegi og öðrum strengjum ofan Súðavíkur sé svæðið ekki ósnortið. Við norðurenda bæjarins séu helstu vistgerðir á strengleiðinni grasmóavist og lyngmóavist á láglandi skv. vistgerðakortlagningu en þar hafi landi þó verið ræst fram. Ofan við syðri hluta bæjarins liggja strengleiðin síðan að mestu meðfram skógræktarsvæðinu og fylgi síðan gömlum slóða. Auk þess sé fjöldi fornleifa, svo sem túngarðar, mógrafir og tóftir, skráðar ofan við bæinn sem tekið hafi verið tillit til við hönnun strengleiðar.

Á Arnarnesi sé að finna votlendisfláka líkt og vistgerðakortlagning Náttúrufræðistofnunar sýni. Við hönnun strengleiðar hafi verið leitast við að lágmarka áhrif á votlendi með því að sveigja framhjá því.

Við frágang verði notast við núverandi yfirborð lands og jarðveg. Þar sem land sé gróið verði svarðlag lagt aftur á skurðsvæðið við lok framkvæmda.

### **Fuglar**

Í greinargerð Orkubús Vestfjarða kemur fram að leirur séu innst í Skutulsfirði og strandlengja Arnarness sé á C-hluta náttúruminjaskrár vegna mikils fuglalífs. Vænta megi einhverra truflana vegna hávaða frá vinnutækjum við lagningu strengsins en þó tímabundnum og fremur umfangslitlum. Gera megi ráð fyrir að fuglalíf verði nú þegar fyrir truflunum vegna umferðar bíla um Djúpvæg og flugvéla á Ísafjarðarflugvelli. Einnig verði tímabundið rask á yfirborði á Arnarnesi og ofan Súðavíkur. Út frá vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar megi gera ráð fyrir að þar finnist mófuglar. Líklegt sé að framkvæmdir fari fram á varptíma.

Vænta megi þess að fuglalíf verði fyrir tímabundnum truflunum á meðan á framkvæmdum standi. Á Arnarnesi og ofan Súðavíkur sé mögulegt að mófuglar verði fyrir tímabundnu búsvæðatapi. Vegna þessa meti framkvæmdaraðili svo að áhrif á fuglalíf vegna framkvæmdanna verði nokkuð neikvæð á framkvæmdatíma en óveruleg að framkvæmdum loknum.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að ekki liggja fyrir vettvangsrannsókn á fuglalífi heldur sé stuðst við vistgerðakortlagningu sem gefi vísbendingar um fuglalíf á svæðinu. Ekki sé greint hvaða tegundir nýti svæðið, né hvort um ábygðartegundir Íslands sé um að ræða. Að auki sé ekki lagt mat á áhrif á varpárangur, fælingaráhrif eða truflun á farleiðum.

Að mati stofnunarinnar vanti ítarlegra mat á umfangi búsvæðataps, tímabundnum og mögulega varanlegum áhrifum. Þar af leiðandi sem mótvægisáðgerð sé mikilvægt að mati stofnunarinnar m.t.t. fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.



Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að strengleiðin hafi verið valin þannig að áhrif á gróður, vistgerðir og fugla sé lágörkuð. Með því að halda strengleiðinni meðfram vegi og öðrum strengjum sem lagðir hafa verið á svæðinu, sé framkvæmdasvæðið að mestu á þegar röskuðu svæði. Strengleiðin fylgi jafnframt að stærstum hluta skilgreindum strengleiðum skv. aðalskipulagi.

Gera megi ráð fyrir því að fuglar verði nú þegar fyrir truflun á stærstum hluta strengleiðarinnar vegna nálægðar við Djúpvæg, Ísafjarðarflugvöll og þéttbýli. Áhrif á fugla verði jafnframt tímabundin. Áætlaður framkvæmdatími sé í heildina um 6 mánuðir og fuglalíf á hverjum stað verði einungis fyrir truflun í fáeinar vikur. Gengið verði frá svæðum jafnóðum og frágangi hagað þannig að ekki sé um varanlegt búsvæðatap um að ræða.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að stofnunin telji það mikilvægt að framkvæmdir utan vegstæðis fari eftir því sem unnt sé fram utan viðkvæmasta varptíma mófugla. Einnig væri æskilegt að meta hvenær best sé að standa að framkvæmdum á þeim köflum sem liggja næst leirum og fjörum með miklu fuglalífi. Með slíkum mótvægisáðgerðum séu áhrif á fuglalíf líkleg til að vera tímabundin og ekki umtalsverð.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að innst í Skutulsfirði þveri Djúpvægur verndarsvæði á fyllingu og brú. Strengirnir verði lagðir í öxl vegarins og í ídráttarrörum undir brúna. Vinnutæki verði staðsett á vegi eða alveg við veg þar sem nú þegar sé umferð. Á Arnarnesi sé það strandlengjan sem njóti verndar en strengleiðin sé annaðhvort í vegöxl eða fylgi öðrum strengjum ofan vegar. Nú þegar sé bílaumferð um veginn og einhver truflun því til staðar.

Nákvæm verkáætlun liggja ekki fyrir en gert sé ráð fyrir að framkvæmdir ofan Súðavíkur fari fram haustið 2026, utan varptíma fugla. Mögulega megi stýra vinnu á Arnarnesi þannig að hún fari einnig fram utan varptíma.

### **Vatnshlot**

Í greinargerð Orkubús Vestfjarða kemur fram að strengirnir muni þvera straumvatnshlotin Eyradalsá (nr. 101-113-R), Arnardalsá (nr. 101-120-R) og Úlfsá (101-118-R). Í tengslum við framkvæmdina hafi verið unnið áhrifamat vatnshlota í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar. Ídráttarrörum verði komið fyrir undir árbotni áa og framkvæmdirnar muni valda tímabundnu raski á árbotninum og gruggmyndun í ánum. Árnar verði þó allar þveraðar fremur neðarlega, þ.e. nálægt mynni þeirra, og því muni áhrifa gruggmyndunar gæta á stuttum kafla í stuttan tíma. Úlfsá sé jafnframt gruggug vegna efnistöku í ánni, og áhrif aukinnar gruggmyndunar vegna þverunar því hverfandi. Bleikja hafi einstöku sinnum veiðst í Arnardalsá. Til að koma í veg fyrir áhrif á göngu fiska verði sett fram krafa í útboðsgögnum að framkvæmdir í ánni fari fram utan göngutíma. Ekki sé vitað til þess að fiskur sé í Eyrardalsá eða Úlfsá. Búast megi við því að lífríkið komist fljótt aftur í samt ástand eftir að framkvæmdum ljúki. Að teknu tilliti til þessa séu áhrif þverunar á líffræðilega gæðapætti Arnardalsár, Eyrarfalsá og Úlfsá metin lítilsháttar og tímabundin á meðan á framkvæmdum standi í ánni. Engin efni verði losuð eða komið fyrir í árfarveginum sem geti haft áhrif á efna- og eðlisfræðilega gæðapætti straumvatnshlota og áhrif því metin engin. Á meðan framkvæmdir fari fram í ánum og skurður grafin megi gera ráð fyrir tímabundnum áhrifum á vatnformfræðilega gæðapáttinn samfellu en þau áhrif verði lítilsháttar.

Ekki sé talið að framkvæmdin hafi áhrif á efnafræðilegt ástand straumvatnshlotanna þar sem að framkvæmdinni fylgi ekki losun á forgangsefnum, vaktlistaefnum eða öðrum mengandi efnum. Í útboðsgögnum verði tilgreinar viðeigandi kröfur til að koma í veg fyrir að olíur eða önnur mengandi efni losni út í umhverfið á meðan á framkvæmdum standi.

Byggt á framangreindu sé ekki talið að framkvæmdin muni leiða til þess að ástand staumvatnshlotanna hnigni né að þau nái ekki umhverfismarkmiðum sínum



Áhrif á gæðabætti straumvatnshlotanna séu almennt metin engin eða lítilsháttar meðan á framkvæmdum standi að teknu tilliti til þessa meti framkvæmdaraðili sem svo að áhrif á vatnshlot séu óveruleg.

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að framkvæma áhrifamat á vatnshlot vegna framkvæmdanna. Með því séu áhrif upplýst og komið í veg fyrir að vatnsgæðum hraki líkt og lög um stjórn vatnamála kveði á um. Réttast sé að forðast sem allra mest að raska botni ána og að ekki sé nema allra nauðsynlegasta vélavinna í ánum sjálfum t.d. verði ekki keyrt í eða yfir ár að nauðsynjalausu. Tæki sem séu notuð verði án leka á t.a.m. olíum eða öðrum efnum sem geti verið skaðleg fyrir lífríki. Ef halli á gröfnum skurðum liggi til vatnsfalla sé mikilvægt að komið sé í veg fyrir að laus efni geti borist í vatn t.d. ef um mikla úrkomu eða leysingar sé um að ræða. Það megi gera t.d. með því að hafa settjarnir sem laus efni geti sest í til að koma þannig í veg fyrir að þau berist í vatn og hafi áhrif á lífríki. Benda megi á að leyfi frá Fiskistofu þurfi fyrir framkvæmdinni sbr. lög um lax- og silungsveiði. Mikilvægt sé að framkvæmdaraðili sé upplýstur um góða umgengni við það lífríki sem sé á svæðinu jafnt á landi sem og í vatni og að fylgst sé með framkvæmdum. Hafrannsóknastofnun telji ekki þörf á fullu umhverfismati framkvæmdarinnar.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til Fiskistofu um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skuli alltaf fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það eigi við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi Fiskistofu skuli aflað áður en framkvæmdir hefjist.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að stofnunin leggi á það áherslu að við framkvæmdina verði forðast að raska botni ána umfram það sem nauðsynlegt sé og að vélavinna í árfarveginum verði haldið í algjöru lágmarki. Tryggja þurfi skýra verkferla og virkt eftirlit með framkvæmdum í og við árfarvegi, m.a. með tilliti til gruggmyndunar og hættu á mengun. Með þessum skilyrðum sé ekki talið líklegt að framkvæmdin leiði til hnignunar á vistfræðilegu ástandi vatnshlotanna.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að áhrifamat vatnshlota hafi verið unnið og verði látið fylgja með í leyfisumsóknum vegna framkvæmdarinnar. Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða, þ.e. að framkvæmdir fari fram utan göngutíma fiska og að komið verði í veg fyrir að olíur og mengandi efni losni út í umhverfið á framkvæmdatíma, sé ekki talið að framkvæmdin valdi því að ástand þeirra straumvatnshlota sem þveruð verði hnigni né að þau nái ekki umhverfismarkmiðum sínum.

Framkvæmdaraðili muni halda öllu raski í lágmarki, umfram það sem nauðsynlegt sé vegna framkvæmdarinnar, sem og notkun tækja vegna vinnu í ánum. Tæki verði lekaskoðuð áður en framkvæmdir hefjist og muni verkeftirlit á framkvæmdatíma fylgjast með því að ekki sé farið út fyrir afmarkað framkvæmdasvæði. Sótt verði um leyfi Fiskistofu vegna þverunar áa. Ekkert veiðifélag sé starfsrækt á svæðinu en leyfi landeigenda verði látið fylgja með umsókn.

### **Fornleifar**

Í greinargerð Orkubús Vestfjarða kemur fram að vegna fyrirhugaðrar strenglagnar hafi Náttúrustofa Vestfjarða gert fornleifaskráningu. Minjar hafi verið skráðar og mældar upp í samræmi við lög um menningarminjar. Skráningarsvæðið sé samtals 10 km langt og 30 m breitt. Ekki hafi verið þörf á að skrá alla strengleiðina þar sem heimatúnið í landi Fremrihúsa hafi þegar verið skráð í tengslum við lagningu ljósleiðara og restin af strengleiðinni sé í vegstæði. Í fornleifaskráningunni hafi 21 minjar verið skráðar. Þar af voru 11 metnar í hættu vegna framkvæmdanna. Strengirnir fari þó ekki yfir þessar 11 minjar heldur inn á 15 m friðhelgunarsvæði þeirra. Náttúrustofa Vestfjarða leggi til mótvægisáðgerðir sem felist í því að strengleiðinni sé hnikað frekar til þannig að hún sé utan við 15 m friðhelgi minjanna. Vegna legu landsins og tæknilegra atriða reyndist ekki raunhæft að halda 15 m friðhelgi umhverfis allar minjar og samráð verði haft við minjavörð Vestfjarðar vegna þessa. Fyrirliggjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands (viðauki C) vegna málsins og þar tilgreindar mótvægisáðgerðir og hyggst framkvæmdaraðili ætla að fara eftir þeim öllum. Áður en framkvæmdir hefjist verði fornleifafræðingur fenginn til þess að girða af viðeigandi minjar og öllum



upplýsingum um þær verði komið til verktaka á verkstað. Ef áður óþekktar minjar finnast við framkvæmdirnar verði þær stöðvaðar í samræmi við lög um menningarminjar og Minjastofnun Íslands gert viðvart. Að mati framkvæmdaraðila séu áhrif á fornleifar óveruleg.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að hönnun á lagnaleiðinni hafi verið í samráði við minjavörð Vestfjarða og reynt hafi verið eftir fremsta megni að halda leiðinni fyrir utan 15 m helgunarsvæði minjanna. Heimild hafi verið veitt fyrir því að vera innan helgunarsvæðisins þar sem búið hafi verið að raska minjum. Stofnunin telji að nægilega vel sé gert grein fyrir framkvæmdinni og búið sé að afla þeirra ganga sem sé þörf á og komi að fornminjum á svæðinu. Minjastofnun Íslands telji því ekki þörf á umhverfismati.

### **Náttúruminjar**

Í greinargerð Orkubús Vestfjarða kemur fram að fjörur í botni Skutulsfjarðar og strandlengjan og fjörur á Arnarnesi séu á C-hluta náttúruminjasrár. Fjörurnar séu á náttúruminjasrá vegna víðáttumikilla, lífauðugra leira og mikils fuglalífs sem og strandlengjan vegna sérkennilegrar klettastrandar, lífauðugra fjara og mikils fuglalífs. Strengirnir komi til með að liggja um verndarsvæði í Skutulsfirði og fylgja Djúpvegi þar sem hann þveri innsta hluta Skutulsfjarðar á fyllingu og brú. Strengirnir verði lagðir í vegöxlina og síðan í ídráttarrörum undir brúarvæng og því muni strenglöggnin engin áhrif hafa á verndarsvæðið. Á Arnarnesi muni framkvæmdin sömuleiðis ekki hafa áhrif á fjöruna eða strandlengjuna. Strengirnir verða staðsettir meðfram veginum eða ofan hans. Möguleiki sé á einhverri gruggmyndun vegna þverunar áa sem geti borist út í sjó. Eins geti fuglar á leirum orðið fyrir tímabundinni truflun. Þessi áhrif séu þó tímabundin og umfangslítill. Framkvæmdaraðili meti áhrif framkvæmdarinnar á náttúruminjar óveruleg.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að svæðið sem strengirnir fari um sé á náttúruminjasrá sem aðrar náttúruminjar. Framkvæmd liggja innan eða á jaðri svæðanna og það þurfi að leggja fram skýra og heildstæða umfjöllun um verndargildi þeirra og hvort framkvæmdin geti haft áhrif á þau gildi, bæði beint og óbeint. Að mati stofnunarinnar sé umfjöllun greinargerðarinnar um þessi atriði fremur almenn og rökstuðningur fyrir mati á óverulegum áhrifum takmarkaður. Stofnunin telji að skýra þurfi betur forsendur matsins, sérstaklega m.t.t. hugsanlegra óbeinna áhrifa á lífríki fjöru og fuglalíf, svo tryggt sé að áhrif á svæði á náttúruminjasrá séu metin á heildstæðan hátt.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að verndargildi fjara í botni Skutulsfjarðar snúi að víðáttumiklum, lífauðugum leirum og fuglalífi. Þar þveri Djúpvegur svæðið á fyllingu og brú og strengirnir verði lagðir í vegöxlinni og í ídráttarrörum undir brúna og muni því engin áhrif hafa á leirur. Vinnutæki verði staðsett á vegi eða alveg við veg þar sem nú þegar sé umferð, auk þess sem Ísafjarðarflugvöllur sé í nokkur hundruð metra fjarlægð frá veginum. Fuglar á svæðinu verði því þegar fyrir truflun og muni sú tímabundna truflun sem af framkvæmdunum hlýst ólíklega að hafa mikil áhrif á fugla sem dvelji nærri veginum.

Á Arnarnesi snúi verndargildi að sérkennilegri klettaströnd, lífauðugri fjöru og miklu fuglalífi. Framkvæmdin muni engin áhrif hafa á klettaströndina en búast megi við gruggmyndun í Arnardalsá á meðan á framkvæmdum standi í ánni og megi gera ráð fyrir að sú gruggmyndun nái niður að ósum árinna. Með góðum undirbúningi sé áætlaður framkvæmdatími í ánni um 1-2 dagar og muni áhrifa því einungis gæta í stuttan tíma. Leitast verði við að halda óþarfa raski í ánni í lágmarki og þar með gruggmyndun. Verkefnaeftirliti á framkvæmdatíma muni gæta þess að framkvæmdir fari fram innan framkvæmdasvæðisins. Ekki sé talið að umfang gruggmyndunar sem framkvæmdin kunni að valda hafi teljanleg áhrif á lífríki og fuglalíf í fjörunni.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að tryggja þurfi að framkvæmdasvæðið sé skýrt afmarkað og að framkvæmdir og aðkoma vinnuvéla fari ekki út fyrir skilgreint svæði, þannig að ekki verði rask á nærliggjandi verndarsvæðum.





sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki umfangsmikil en fyrir liggur að fyrirhugaðir strengir muni liggja á hluta leiðar innan svæða á C- hluta náttúruminjaskrár vegna m.a. auðugs fuglalífs. Áhrif framkvæmdarinnar verða fyrst og fremst rask á gróðri, gruggmyndun í ám og truflun fyrir fuglalíf en með þeim mótvægisáðgerðum sem framkvæmdaraðili hefur kynnt m.a. að sveigja framhá votlendi, að framkvæmd fari fram utan varptíma fugla og göngutíma fiska, verða áhrif á gróður, fugla og vatnshlot takmörkuð. Framkvæmdinni mun fylgja jarðrask vegna strenglagnar en áætlað er að það grói fljótt upp með góðum frágangi. Engar fornminjar raskast vegna framkvæmdarinnar en tryggja þarf að framkvæmdasvæðið sé skýrt afmarkað og að framkvæmdir og aðkoma vinnuvéla fari ekki út fyrir skilgreint svæði, þannig að ekki verði rask á nærliggjandi fornminjum.

Skipulagsstofnun telur æskilegt líkt og Náttúrufræðistofnun bendir á að framkvæmdaraðili meti og kanni hvenær best sé að standa að framkvæmdum á þeim köflum sem liggja næst leirum og fjörum með miklu fuglalífi og staðfesti á vettvangi umfang og ástand þeirra vistgerða sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi áður en til framkvæmda komi.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á vatnalíf og vatnshlot verði takmörkuð. Framkvæmdaraðili mun engu að síður þurfa að leggja fram áhrifamat vegna vatnshlota áður en leyfi verða veitt.

Skipulagsstofnun telur að með góðum frágangi og með því að halda slóðagerð í lágmarki eru líkur á að ummerki um strenglagningu verði horfin að nokkrum árum liðnum. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

#### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 4. apríl 2026.

Reykjavík, 4. mars 2026

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir

